

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 56/2017

2018/EES/81/11

frá 17. mars 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1978 frá 11. nóvember 2016 um samþykki fyrir grunnefninu sólblómaolíu, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32016 R 1978**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1978 frá 11. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 305, 12.11.2016, bls. 23).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzq (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1429):

„13zzzzzzr. **32016 R 1978**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1978 frá 11. nóvember 2016 um samþykki fyrir grunnefninu sólblómaolíu, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 305, 12.11.2016, bls. 23).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1978, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 305, 12.11.2016, bls. 23.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.